REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

1. gr.

2. gr. orðist svo:
Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1.	14
2.	23
3.	47
4.	47
5.	56
6.	90
7.	130
8.	186
9.	251
10.	300

2. gr.

Í 3. málsgr. 4. gr. komi „3 700 krónur“ í stað „2 400 krónur“.

3. gr.

3. gr. orðist svo:
Fyrir ökumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 23.00 (2. áhættuflokkur).
Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 186.00 (8. áhættuflokkur).

4. gr.

9. gr. orðist svo:
Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:
Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 186.00 (8. áhættuflokkur). Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei vera lægra en kr. 2 730.00.
Áhafnir flutningaskipa 100 lesta og stærri kr. 251.00 (9. áhættuflokkur).
Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 300.00 (10. áhættuflokkur).
Áhafnir fiskiskipa 12 lesta og stærri 300.00 kr. (10. áhættuflokkur).

5. gr.

10. gr. orðist svo:
Áhættuiðgjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera kr. 27.00 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingu eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr. orðist svo:
Föst ársiðgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar	kr.	740.00
— rafstöðvar	—	380.00
— súgþurrkunartækis	—	380.00
— heyblásara (saxblásara, heybyssu)	—	380.00
— bifhjóls	—	1 200.00
— reiðhjóls með hjálparvél	—	1 200.00

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar, til að gilda frá 1. janúar 1974. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 356 30. desember 1972 um breytingu á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 385. 27. desember 1973.

GJALDSKRÁ

yfir heimtaugargjöld hjá Rafveitu Akureyrar.

1. gr.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar, og skal það greitt við umsókn eða samtímis og greiðsla annarra byggingargjalda fer fram.

2. gr.

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur— Málraun		Stofngjald Jarðstr. kr.	Stofngjald Loftlína kr.	Lengdargjald[1] Jarðstr. kr./m	Lengdargjald[1] Loftlína kr./stólpi	Umframgjald[2] Loftlína kr./stólpi
25 A	1-fasa		3 500		Innifalið	8 000
25 A	3-fasa		5 000		—	9 000
63 A	1-fasa	26 000	5 000	Innifalið	—	9 000
63 A	3-fasa	29 000	6 000	—	—	10 000
100 A	3-fasa	35 000	7 000	—	—	12 000
200 A	3-fasa	20 000		1 500[2]		
315 A	3-fasa	60 000		2 000		
300 KVA	3-fasa	160 000		skv. kostn.		
500 KVA	3-fasa	270 000		—	—	
800 KVA	3-fasa	430 000		—	—	

3. gr.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

4. gr.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öll hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og setaðsetningu stöðvarinnar.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.